



Skipulags-, byggingar-, og veitunefnd (SBV) miðvikudaginn, 10. júní 2009

Fundur var haldinn í skipulags-, byggingar- og veitunefnd Blönduósbæjar 10. júní 2009, kl. 17:15 að Hnjúkabyggð 33, dómsal.

Þórður Pálsson formaður setti fundinn og stjórnaði honum. Heiðrún Bjarkadóttir ritaði fundargerð. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

Dagskrárliður 1

Sigursteinn Guðmundsson Árbraut 7 gerði kaupsamning við frú Sólveigu Sövik um bílskúr á lóðinni Árbraut 9 1. okt. 2007. Hér með óskar Sigursteinn eftir að lóðasamningur Árbrautar 7 og 9 verði breytt þannig að lóðin undir og götumegin við áðurnefndan bílskúr verði skráð með lóðinni Árbraut 7. Þá fer Sigursteinn enn fremur fram á að kannað verði hvert hann geti fengið viðbótarlóð sunnan við bílskúrinn, samanber meðfylgjandi teikningu.

Afgreiðsla:

Nefndin hafnar þessari beiðni.

Dagskrárliður 2

Einar Þorláksson óskar eftir að fá leyfi til að setja 9m² bjálkahús á lóð sína Árbraut 1. Teikning og mynd eru meðfylgjandi.

Afgreiðsla:

Nefndin samþykkir þessa beiðni.

Dagskrárliður 3

Páll Á Kristjánsson Hlíðarbraut 24 Blönduósi óskar eftir að fá að byggja 300m² viðbyggingu við húsið Hlíðarbraut 24. Fyrirhugað er að nota viðbygginguna sem geymslu (safn) undir fornbíla.

Afgreiðsla:

Nefndin hafnar þessari beiðni. Þar sem þetta samræmist ekki aðalskiplagi Blönduóssbæjar. Jafnframt óskar nefndin eftir samvinnu við Heilbrigðisfulltrúa Norðurlands vestra um að fjarlægja númerslausa bíla og annað sem ekki á heima í íbúðahverfi og er innan og utan lóðarinnar. Byggingarfulltrúa er falið að framfylgja byggingarreglugerð að viðlögðum dagsektum verði ekki orðið við úrbótum.

Dagskrárliður 4

Æki ehf. sækir um leyfi til að setja snyrtihús á lóðina Einarsnes Blönduósi vegna væntanlegs tjaldstæðis. Meðfylgjandi er loftmynd þar sem húsið er teiknað inn á myndina.

Afgreiðsla:

Nefndin hafnar þessari beiðni og krefst þess að húsið sem komið er á þessa lóð sé fjarlægt nú þegar.

Dagskrárliður 5

Félag harmonikkunnenda sækir hér með um endurnýjun á leyfi til að reka samkomuhús að Þverbraut 1 Blönduósi í flokki 1 yfir veitingastaði.

Afgreiðsla:

Nefndin samþykkir þessa beiðni með fyrirvara um jákvæða umsögn slökkviliðsstjóra.

Dagskrárliður 6

N1 hf. kt. sækir hér með um endurnýjun á leyfi til að reka veitingastofu/ greiðasölu í N1 skálanum á Blönduósi í flokki 2 yfir veitingastaði.

Afgreiðsla:

Nefndin samþykkir þessa beiðni með fyrirvara um jákvæða umsögn slökkviliðsstjóra.



Dagskrárliður 7

Sölufélag Austur Húnvetninga Blönduósi sækir hér með um endurnýjun á leyfi til að reka gistingu í flokki 2 yfir gististaði í starfsmannahúsi sínu að Húnabraut 37, Blönduósi.

Afgreiðsla:

Nefndin samþykkir þessa beiðni með fyrirvara um jákvæða umsögn slökkviliðsstjóra.

Dagskrárliður 8

Glaðheimar ehf. Blönduósi sækja hér með um endurnýjun á leyfi til að reka hótél í flokki 5 yfir gististaði að Aðalgötu 6, Blönduósi.

Afgreiðsla:

Nefndin samþykkir þessa beiðni.

Dagskrárliður 9

Glaðheimar ehf. Blönduósi sækja hér með um endurnýjun á leyfi til að reka gistiheimili í flokki 2 yfir gististaði að Blöndubýggð 10, Blönduósi.

Afgreiðsla:

Nefndin samþykkir þessa beiðni með fyrirvara um að gert verði vinnuplan um úrbætur á húsinu samkvæmt kröfum slökkviliðsstjóra.

Dagskrárliður 10

Blanda ehf. Blönduósi sækir hér með um leyfi til að reka sumarhús nr. 19-21-24-25 í flokki 2 yfir gististaði í Brautarhvammi Blönduóssi.

Afgreiðsla:

Nefndin samþykkir hús nr. 21-24-25 með fyrirvara um að gengið verði frá lóðum í kringum húsin. Ekki er búið að taka út hús nr.19.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18.45.

Pórður Pálsson (sign)

Gauti Jónsson (sign)

Valgarður Hilmarsson (sign.)

Valgerður Gísladóttir (sign)

Andrés Leifsson, slökkviliðsstjóri (sign.)

Stefán Árnason, byggingarfulltrúi (sign.)

Heiðrún Bjarkadóttir (sign.)